



Áveitan

1. tbl. 17. árgangur. Janúar 2023



Aldursflokkamót HSK í frjálsíþróttum innanhúss 11-14 ára

Mótið fer fram í Selfosshöllinni sunnudaginn 8. janúar. 11-12 ára krakkar hefja keppni kl 10:00 og 13-14 ára krakkar kl 12:30.

Keppnisgreinar og flokkaskipting á aldursflokkamóti:

Stúlkur og piltar 11 ára: 60 m hlaup - hástökk - langstökk - kúluvarp.
Stúlkur og piltar 12, 13, 14 ára: 60 m hlaup - 60 m gr. hlaup - hástökk - langstökk - kúluvarp.

Hver árgangur keppir sér í flokki.

Skráningar þurfa að berast á emailið bryndisdalbae@gmail.com í síðasta lagi fimmtudaginn 5. janúar.

Nafn, kennitala og hvaða greinar keppandi vill taka þátt í -þó við hvetjum alla að keppa í sem flestu.

Verðlaun

Þrjár fyrstu í hverri grein fá verðlaunapening. Sú nýbreytni verður á mótinu að veittar verða viðurkenningar fyrir stigahæsta félag hvers flokks samtals í kk og kvk flokkum. S.s. stigahæsta félag 11 ára, stigahæsta félag 12 ára o.sfr. Að venju verður svo stigahæsta félag mótsins í heild sinni verðlaunað.

Í fyrra átti Þjóttandi marga keppendur á þessu móti og höfðu þeir mikið gaman af, fara mörg saman, hvetja hvort annað og keppa við svona góðar aðstæður. Væri gaman að endurtaka leikinn, því hvetjum við sem flesta að skrá sig!



ÁFRAM ÞJÓTTANDI!



Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Hallfríður Ósk Aðalsteinsd. halla@floahreppur.is
Oddný Ása Ingjaldsdóttir odnyasa@floaskoli.is

845-9719
865-5692

Pistill sveitarstjóra



Kæru íbúar og aðrir lesendur

Gleðilegt nýtt ár og kærar þakkir fyrir gott samstarf og samskipti á árinu 2022.

Það hefur ekki farið framhjá neinum að veturinn skall á með miklum þunga í desember. Mikil kuldatið einkenndi mánuðinn og snjómagnið sem féll í fyrstu snjókomu vetrarins var mikið og hefur gert íbúum hér á Suðurlandi nokkuð erffitt fyrir.

Snjómokstur:

Verktakar á vegum sveitarfélagsins og Vegagerðin hafa unnið að snjómokstri nær stöðugt frá 17. desember og þegar þetta er skrifað bætir enn í snjóinn. Sveitarstjórn Flóahrepps vinnur nú að drögum að viðmiðunarreglum um snjómokstur sem byggir á vetrarþjónustu Vegagerðarinnar, samningum sveitarfélagsins við Vegagerð og verktaka og byggir einnig á viðmiðunarreglum í sveitarfélögum í kringum okkur. Verktakar hafa bætt í tækjakost sinn til að eiga auðveldara með að þjónusta sveitarfélagið og vélum hefur verið fjölgað til að þjónusta svæðið betur. Viðmiðunarreglur verða kynntar fyrir íbúum á heimasíðu sveitarfélagsins þegar sveitarstjórn hefur fjallað um þær og samþykkt.

Snjórinn veldur ekki eingöngu vandræðum með að komast til og frá heimili eða á milli staða heldur hefur hann áhrif á sorphirðu innan sveitarfélagsins. Íslenska gámafélagið er þjónustuaðili Flóahrepps varðandi sorphirðu og hafa þau gert sitt besta til að reyna að komast yfir sorphirðu síðustu vikurnar við erfiðar aðstæður. Sorphirða hefur raskast töluvert og unnið er að því að koma á jafnvægi. Mikilvægt er að íbúar moki ofan af og frá sorpílátum eins og mögulegt er til að tryggja aðgengi. Í einhverjum tilfellum hafa íbúar fært tunnumar fjær húsunum sínum tímabundið til að sorphirðuadili eigi auðveldara með að komast að þeim.

Úr síðustu Áveitu:

Vegagerðin sér um mokstur 4 daga vikunnar á Villingaholtsvegi frá Þjóðvegi 1 að Flóaskóla og á Gaulverjabæjarvegi frá hringtorgi að Félagslund. Urriðafossvegur er mokaður af Vegagerðinni 2 daga í viku.

Skv. verksamningi og útboðsgögnum skal markmið snjómoksturs vera að opna leiðir fyrir kl. 7:00 að morgni þá daga sem mokað er og er megin markmiðið að koma börnum í skólann á réttum tíma og greiða um leið akstursleiðir þeirra sem þurfa til og frá vinnu. Ekki er mokað þegar veður er þannig að það fenni jafnóðum í för. Það er mikilvægt að íbúar sýni mokstursaðilum góða samvinnu og gæti að því að ekki sé fyrirstaða í mokstursleið eins tæki, vélar, hlutir eða annað sem gætu heft för moksturstækja eða valdið tjóni. Það er því á ábyrgð íbúa að tryggja að aðstæður fyrir mokstursvélar séu eins og best verður á kosið. Vert er að benda á að það er ekki hlutverk moksturstækja á vegum sveitarfélagsins að moka plön eða að moka frá sorptunnum við húsnæði heldur ber hver og einn íbúi ábyrgð á því.

Ef af einhverjum ástæðum er óskað eftir því að ekki sé mokað að heimili skal koma þeim upplýsingum til skrifstofu Flóahrepps. Það sama á við ef um er að ræða kvartanir eða ábendingar vegna moksturs. Fyrirtæki og eigendur fristundahúsa geta samið við mokstursaðila en mokstur skv. samningi við sveitarfélagið gengur fyrir þeim mokstri.

Ný lög um meðhöndlun úrgangs:

Líkt og komið hefur fram áður þá tóku ný lög um meðhöndlun úrgangs gildi 1. janúar 2023. Það þýðir að samræmt flokkunarkerfi er komið á um allt land og íbúar flokka nú í fjóra flokka við heimili: almennt, lífrænt, pappír og plast. Ekki er lengur leyfilegt að setja ál eða annað í flokkunargáma við heimili en grenndarstöðvar fyrir ál og gler verða settar upp við félagsheimilið Þingborg og við Félagslund fyrir þann úrgang. Einnig er hægt að fara með þann úrgang á söfnunarstöð í Hrísmýri. Inneignarkort á söfnunarstöð í Hrísmýri verða gefin út á næstu vikum og gilda þau fyrir fasteignaeigendur í Flóahreppi. Fram að útgáfu inneignarkorts er íbúum heimilt að fara með úrgang á söfnunarstöð eins og verið hefur.

Hér má sjá nánari upplýsingar um flokkun skv. nýju kerfi:

<https://gamafelagid.is/flokkunarleidbeiningar/>

Hér má sjá leiðbeiningar til íbúa vegna flokkunar og sorphirðudagatal fyrir 2023:

<https://www.floahreppur.is/sorphirda-2023/>

Opnunartími skrifstofu:

Minum á að opnunartími skrifstofu er frá 9:00-16:00 mánudaga-fimmtudaga og 9:00-13:00 á föstudögum. Síminn er opinn frá 9:00-13:00 alla virka daga og alltaf er hægt að senda tölvupóst á starfsmenn skrifstofu:

Anna Dóra ritari og gjaldkeri: anna@floahreppur.is
Hafðís bókarari og launafulltrúi: hafdis@floahreppur.is
Hulda sveitarstjóri: hulda@floahreppur.is
Vaktsími vatnsveitu: 862-6848

Formenn nefnda:

Eftirfarandi aðilar eru starfandi sem formenn nefnda á vegum sveitarfélagsins og hvetjum við íbúa til að hafa samband við þá varðandi málefni sem kunna að falla undir nefndirnar:

Fræðslunefnd:

Bjarni Stefánsson fraedslunefnd@floahreppur.is

Íþróttá-æskulýðs og menningarnefnd:

Sigrún Hrefna Arnardóttir sigrunhrefna@gmail.com

Umhverfis- og samgöngunefnd:

Jakob Nielsen Kristjánsson kobbikr@gmail.com

Landbúnaðar- og atvinnumálanefnd:

Stefán Geirsson stegeir@hotmail.com

Heilsuefandi samfélag:

Örvar Rafn Hlíðdal orvar@floaskoli.is

Næsti fundur sveitarstjórnar:

Næsti fundur sveitarstjórnar Flóahrepps verður þriðjudaginn 10. janúar kl. 9:00 í Þingborg. Erindi sem óskað er eftir að verði tekin fyrir þurfa að berast á skrifstofu Flóahrepps eða á netfangið floahreppur@floahreppur.is í síðasta lagi kl. 12:00 föstudaginn 6. janúar.

Bestu kveðjur,



Sorphirða 2023

Flóahreppur

janúar						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
1	2	3	4	5	6	7
8	9	10	11	12	13	14
15	16	17	18	19	20	21
22	23	24	25	26	27	28
29	30	31				

febrúar						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
			1	2	3	4
5	6	7	8	9	10	11
12	13	14	15	16	17	18
19	20	21	22	23	24	25
26	27	28				

mars						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
			1	2	3	4
5	6	7	8	9	10	11
12	13	14	15	16	17	18
19	20	21	22	23	24	25
26	27	28	29	30	31	

apríl						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
						1
2	3	4	5	6	7	8
9	10	11	12	13	14	15
16	17	18	19	20	21	22
23	24	25	26	27	28	29
30						

maí						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
	1	2	3	4	5	6
7	8	9	10	11	12	13
14	15	16	17	18	19	20
21	22	23	24	25	26	27
28	29	30	31			

júní						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
					1	2
3	4	5	6	7	8	9
10	11	12	13	14	15	16
17	18	19	20	21	22	23
24	25	26	27	28	29	30

júlí						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
						1
2	3	4	5	6	7	8
9	10	11	12	13	14	15
16	17	18	19	20	21	22
23	24	25	26	27	28	29
30	31					






ágúst						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
		1	2	3	4	5
6	7	8	9	10	11	12
13	14	15	16	17	18	19
20	21	22	23	24	25	26
27	28	29	30	31		

september						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
						1
					2	3
4	5	6	7	8	9	10
11	12	13	14	15	16	17
18	19	20	21	22	23	24
25	26	27	28	29	30	

október						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
1	2	3	4	5	6	7
8	9	10	11	12	13	14
15	16	17	18	19	20	21
22	23	24	25	26	27	28
29	30	31				

nóvember						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
			1	2	3	4
5	6	7	8	9	10	11
12	13	14	15	16	17	18
19	20	21	22	23	24	25
26	27	28	29	30		

desember						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
						1
					2	3
4	5	6	7	8	9	10
11	12	13	14	15	16	17
18	19	20	21	22	23	24
25	26	27	28	29	30	31

	Sorp/lífrænt - Neðri Flói
	Sorp/lífrænt - Efri Flói
	Pappi/plast - Neðri Flói
	Pappi/plast - Efri Flói
	Rúlluplast - Allur Flói

Breytingar geta orðið á losunardögum sökum óvirdráðanlegra aðstæðna. Losun fer þá fram við fyrsta mögulega tækifæri.

Gönguskíðasvæði Þjótanda

Á dögunum fékk Þjótandi styrk úr Verkefnasjóði HSK vegna eflingar vetraríþróttta. Í kjölfarið festum við kaup á nýjum gönguskíðaspora sem hægt er að draga á fjórhjóli, vélsleða eða öðru slíku. Með tilkomu nýja sporans er auðvelt að færa hann milli staða í sveitarfélaginu og bjóða upp á gönguskíðaspor víðar.

Þegar þetta er skrifað er sporinn staddur við Félagslund, og er stefnan að gera brautir þar á næstunni, einnig munum við vera á sama stað og í fyrra, á túninu á horni Villingaholtsvegur og Hurðarbaksvegur og etv. á fleiri stöðum. Ef einhverjir hafa ábendingar um góða gönguskíðastaði og farartæki til að draga sporann má gjarnan hafa samband við Fanneyju í síma 8924155.

Auglýst verður á Facebook síðu félagsins þegar nýjar brautir hafa verið lagðar og er fólk hvatt til að fylgjast vel með því og nýta sér þær sem oftast.



Áriðandi tilkynning frá eilífðarporrablótsnefndinni!

Porrablót Hraungerðis- og Sandvíkurhreppa "hinna fornu" verður haldið í Þingborg laugardaginn 4. febrúar. Hljóm sveitin Allt í einu mun sjá um að svara dansþyrstum fram á nótt.

Nánar auglýst síðar :)



Aðalfundur

Aðalfundur Umf Þjótanda verður haldinn í Þingborg mánudaginn 30. janúar kl 20:00

Á dagskrá eru hefðbundin aðalfundarstörf og verðlaunaafhendingar.

Mætum öll og höfum áhrif á starfið framundan.

Stjórnin

RORUM

Rannsóknir og ráðgjöf
í umhverfis-
og byggðarmálum



- Hnitsetning landamerkjja
- Afmörkun nýrra lóða
- Mæliblöð, uppdrættir og lóðablöð
- Túnakortlagning og aðrar greiningar

Rorum.is – 577-3337/837-6177 – ah@rorum.is

Samhentur hópur á Þjórsársvæðinu

Rekstur sjö vatnsaflsstöðva og tveggja vindmylla á Þjórsársvæðinu er í höndum starfsfólks sem gegnir tæplega 50 stöðugildum. Þessi samhenti hópur hefur í mörg horn að líta en verkefnin snúast um allt frá viðhaldi, endurbótum og matreiðslu í mótuneytinu yfir í sérsmiði á ihlutum, forritunarvinnu og rekstur.



Búrfell I

Vatnsaflsstöð

270 MW

2.300 GWst/ár

Aflstöðvarnar eru margar og ólíkar. Sú elsta, Búrfellsstöð I, er frá 1970 en sú yngsta, Búrfellsstöð II, var gangsett árið 2018. Hún er sú fyrsta á svæðinu sem er neðanjarðar. Aðrar stöðvar á svæðinu eru Sigöldustöð, Hrauneyjafosstöð, Sultartangastöð, Vatnsfellsstöð og Búðarhálsstöð. Stöðvarnar eru mjög ólíkar þó að þær noti allar sömu aðferð við orkuöflunina. Sem dæmi má nefna að í Búrfelli I eru sex vélar með 270 MW uppsett afl, en í Búrfelli II er aðeins ein 100 MW vél.

Í rekstrinum er afar mikilvægt að hafa góða þekkingu á svæðinu, stöðvunum og vélunum sjálfum. Til þess að tryggja það eru vakthóparnir fjórir talsins og skiptast þeir á verkum milli ára til að sjá til þess að mikilvæg þekking færist á milli starfsfólks. Þar að auki fer fram nákvæm skráning á öllum atriðum í kerfum fyrirtækisins. Fátt kemur þó í staðinn fyrir góða þekkingu og áralanga reynslu, hvort sem um ræðir vélar og búnað eða svæðið sjálft sem stundum getur verið erfitt yfirferðar, enda að stórum hluta inni á hálendi Íslands.



Búrfell II

Vatnsaflsstöð

100 MW

700 GWst/ár

Við hjá Landsvirkjun leggjum mikla áherslu á loftslagsmál, en vinnsla endurnýjanlegrar orku er lykilatriði í áætlun stjórnvalda um að Ísland verði óháð jarðefnaeldsneyti árið 2040. Starfsfólk Þjórsársvæðis lætur sitt ekki eftir liggja í loftslagsmálum, m.a. með því að vinna stöðugt að endurbótum á stöðvum, vélum og búnaði fyrirtækisins, bæði til að auka afköst og bæta nýtingu, en einnig til að bæta rekstraröryggi. Þá er stefna fyrirtækisins að verða kolefnishlutlaust árið 2025, en stærstur hluti losunar gróðurhúsalofttegunda vegna starfseminnar er frá lónum og vegna jarðhitavinnslu.

Á Þjórsársvæðinu er unnið jafnt og þétt að orkuskiptum í bílafloata fyrirtækisins. Það verkefni hófst um leið og hægt var að fá rafbíla með auðveldum hætti á Íslandi. Nú er unnið að því að skipta út þeim farartækjum sem að hægt er og bæta hleðsluinnviði á svæðinu. Þetta verkefni hefur gengið mjög vel, en því fylgja ýmsar áskoranir enda vetrarveður oft slæm. Eftir því sem rafknúin farartæki verða öruggari í vetrarakstri mun þeim fjölga enn frekar.



Búðarhálsstöð

Vatnsaflsstöð

95 MW

585 GWst/ár

Í febrúar samþykkti stjórn nýja samfélagsstefnu Landsvirkjunar. Í henni kemur fram að Landsvirkjun vill vera góður granni og taka virkan þátt í samfélaginu. Stefnuna í heild sinni má finna á vef Landsvirkjunar, landsvirkjun.is.



Orkustofnun hefur veitt virkjunarleyfi vegna Hvammsvirkjunar og er því hægt að sækja um framkvæmdaleyfi til sveitarfélaganna á svæðinu. Að fengnum öllum leyfum gætu fyrstu framkvæmdir hafist við Hvammsvirkjun á árinu 2023, en þær snúa að uppbyggingu innviða, vegagerð og brúarsmiði yfir Þjórsá. Ný brú verður mikil samgöngubót, bæði fyrir verkefnið og nærsamfélagið. Sótt hefur verið um virkjunarleyfi vegna Búrfellslundar og unnið er að breytingartillögum á aðalskipulagi og deiliskipulagi, samhlíða leyfisumsóknum. Hægt er að finna frekari upplýsingar um verkefnin á vef Landsvirkjunar, landsvirkjun.is.

Við óskum ykkur gleðilegs nýs árs og hlökkum til að vera í góðu sambandi á árinu.

 Landsvirkjun

Vel heppnuð skötuveisla

Skötuveisla Þjótanda á Þorláksmessu gekk mjög vel og yfir 150 manns mættu í Þingborg og gæddu sér á skötu og saltfiski. Við þökkum styrktaraðilum veislunnar sérsaklega fyrir mikilvægt framlag, en það eru Kristján og Anna í Forsæti 4 sem gáfu kartöflur, Mareike og Sturla á Fljótshólum sem gáfu rófur og Kristín á Hurðarbaki sem gaf hamsatólg.

Kærar þakkir öll.




HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG
Flóahreppur
vellíðan fyrir alla

Engin þrettándagleði í ár

Stjórn Umf. Þjótanda ákvað á fundi í nóvember að halda ekki þrettándagleði í ár. Vegna Covid eru nú orðin þrjú ár síðan haldin var þrettándagleði síðast og þótti okkur þetta góður tímapunktur til að breyta til.

Stjórninni finnst fjármunum félagsins betur varið í heilsueflandi starfsemi, frekar en flugeldakaup, og er fólki bent á stórar flugeldasýningar í nágrannasveitarfélögum, eða að gera sér glaðan dag heima með nágrönnum og vinum.



RÓSEY EHF

Ægisíðu 4, Hellu

(Gula húsið vestan við brúna)

Smíðum allar gerðir af háprýsti- og lágprýstislöngum.

Gerum við ventlakistur - dælur, mótor og tjakka.

Allt fyrir glussakerfið. Útvegum allt í vökvakerfi.

Opið frá kl. 08 - 18 mánud. - fimmtud. - Föstud. frá kl. 08 - 16

Sími 537 0754 - 835 0754

rosey@rosey.is - (Þjónusta fyrir utan opnunartíma, sími 835 0754)

Dagskrá mánaðarins:

Æfingar í Þingborg	3. janúar
Aldursflokkamót HSK 11-14 ára	8. janúar
Glímuæfingar í Félagslundu	9. janúar
Æfingar í Þingborg	10. janúar
Glímuæfingar í Félagslundu	16. janúar
Æfingar í Þingborg	17. janúar
Glímuæfingar í Félagslundu	23. janúar
Æfingar í Þingborg	24. janúar
Glímuæfingar í Félagslundu	30. janúar
Aðalfundur Umf. Þjótanda	30. janúar
Æfingar í Þingborg	31. janúar
Þorrablot í Þingborg	4. febrúar
Þorrablot í Félagslundu	11. febrúar
Þorrablot „Villinga“ í Félagslundu	18. febrúar

Frá umhverfis- og samgöngunefnd Flóahrepps

Munum að hreinsa
snjóinn frá
ruslatunnunum og
tökum til eftir
flugeldasprengjurnar.

Gleðilegt ár 2023

